

**108. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 31. maí 2022 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Ingþór Bergmann Þórhallsson aðalmaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og Sigrún Ágústa Helgudóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Páll Gunnarsson, formaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 2204137 - Bæjarlistamaður Akraness 2022**

Undirbúningur varðandi tilnefningu á bæjarlistamanni Akraness 2022.

*Menningar- og safnanefnd ákvað á fundi sínum þann 28. apríl sl. að opna fyrir rafrænar tilnefningar frá íbúum um bæjarlistamanna Akraness fyrir árið 2022.*

*Alls bárust 14 tilnefningar.*

*Menningar- og safnanefnd vísar tilnefningu sinni um bæjarlistamann Akraness 2022 til bæjarstjórnar.*

**2. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar**

*Viðburðir vegna 80 ára afmæli Akraneskaupstaðar.*

*Áframhaldandi skipulag verkefna á afmælisárinu og tenging við fasta viðburði ársins.*

*Umræður um áframhaldandi skipulag.*

*Í tilefni 80 ára afmæli Akraneskaupstaðar telur menningar- og safnanefnd að gott sé að staldra við og hugsa um mikilvægi menningar í okkar samfélagi. Mikilvægt er að Akraneskaupstaður móti umgjörð og veiti meiri stuðning, í þeim tilgangi að sköpun og upplifun menningar og lista blómstri.*

*Á þessum síðasta fundi þakkar nefndin fyrir sig og óskar nýrri menningar- og safnarnefnd góðs gengis.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**